

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

OKTÓBER 2014 • 10. TBL. • 27. ÁRG.



Mikið fjölmenni var á samkomunni sem haldinn var í Valhúsaskóla.

Valhúsaskóli 40 ára

Valhúsaskóli á Seltjarnarnesi er 40 ára um þessar mundir og var tímamótunum fagnað með fjölbreyttri dagskrá í skólanum 15. október þar sem fram komu núverandi og fyrrverandi nemendur og kennarar og slógu á léttu strengi.

Einnig flutti skólastjóri skólans, Guðlaug Sturlaugsdóttir, ávarp og bæjarstjóri Seltjarnarness, Ásgerður Halldórsdóttir sté á stökk og tilkynnti að bæjarfélagið myndi gefa nemendaráði skólans gjöf sem gæti komið þeim að gagni í starfsemi þeirra.

Nemendur buðu upp á leiðsögn um húsnæðið, en þeir höfðu lagt mikinn metnað í að skreyta skólann og taka saman mikið magn upplýsinga sem sýndi sögu hans í máli og myndum og hengt upp um vegg. Þá var einnig boðið upp á veitingar í mötuneyti skólans. Mikið fjölmenni var á samkomunni og mátti þar bæði sjá fyrrverandi nemendur og kennara auk foreldra núverandi nemenda sem og aðra bæjarbúa á Nesinu.

Framhald bls. 6.



Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292



Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Nesið hefur margt að bjóða

Ferðapjónusta er yngsti atvinnuvegur landsmanna. Fjölgun ferðamanna og vöxtur og þjónusta við þá er mun meiri en nokkurn gat órað fyrir sé farið nokkur ár aftur í tímann. Sú uppbygging sem hefur náðst eftir hrúnið 2008 er að hluta til fjölgun ferðafólks að þakka og því hvernig landsmenn hafa nýtt sér þá möguleika sem henni fylga.

Víða um land hafa bæjar- og sveitarfélög tekið þessum nýju atvinnumöguleikum fengins hendi og stutt við þá með þeim hætti sem þeim er fært. Að öllu jöfnu kemur það þeim sjálfum og fyrirtækjum og verslunum sem eiga viðskipti við ferðamennina til góða. Engu er líkara en íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi ekki veitt þessum nýju atvinnumöguleikum athygli utan þeirra sem búa eða starfa í miðborg Reykjavíkur – títt nefndum 101um. Lítið er um ferðapjónustu á öðrum stöðum þótt finna megi einstaka gististaði utan miðborgarinnar.

Að þessu leyti er Seltjarnarnes engin undantekning. Að því er virðist er enga starfsemi þar að finna sem tengjast þessum atvinnuvegi. Möguleikarnir eru þó fyrir hendi. Seltjarnarnes er um margt sögufrægur staður þar sem bjóða mætti skemmtilegar ferðir fyrir útlendinga. För um Nesið gæti hafist á Eiðinu, haldið norður með ströndinni út á Snoppu og að Gróttu. En Gróttu slitnaði frá landi í ofsaveðri árið 1799 en hægt er að ganga út í hana á fjöru, einnig er hægt að bjóða upp á bátsferðir út í eyrna á öðrum tímum. Svo er það Nesstofa og söfnin sem henni tengjast. Saga lækninga í landi þar sem ekkert þéttbýli var til og samgöngur voru aðeins af sjó eða á hestum. Suðursvæðin hafa einnig margt að bjóða. Leiðarmerkið og síðan smábátahöfnin sem er illa nýtt en tilvalin til smábátaferða og sjóstangveiði. Og síðan íþróttta- og heilsusvæðið við Suðurströndina, þar sem ferðamenn gætu fengið sér hressingu og endað síðan í sundi.

Neshringurinn hefur uppá margt að bjóða sem fólk myndi hafa áhuga á og ánægju af ef kynnt væri. Og eflaust myndu einhverjir efna til atvinnustarfsemi og má þar nefna veitingapjónustu í falletgu umhverfi, heilsustarfsemi bátsferðir, sjóstangveiði og fleira og fleira. Bæjaryfirvöld eiga ekki að annast rekstur af þessu tagi en þurfa að vekja áhuga og styðja við bak áhugasamra. Hugmyndir mega ekki drukna í umróti þeirra sem vilja að Seltjarnarnes verði aðeins eyland fyrir einhverja útvalda. Seltjarnarnes á að fá sinn hlut af kókunni. Það hefur upp á svo margt að bjóða.

Ungmennni í öllum nefndum



Ungmennni eru nú í öllum nefndum hjá Seltjarnarnesbæ. Aðdragandi þess er að á sínum tíma fór Ungmennaráð Seltjarnarnesbæjar fram á það við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra að fulltrúar þess fengju að taka virkari þátt í nefndarstarfi bæjarins. Vel var brugðist við þeirri málaleitan og í fyrra var stigið fyrsta skrefið í þá veru með samþykki allra kjörinna fulltrúa bæjarins. Ungmennaráð Seltjarnarnesbæjar hefur nú nýlega skipað fulltrúa í allar stærstu nefndir bæjarins þar sem það hefur málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar ungmennaráðsins eru þau Anna Lilja Björnsdóttir og Victor Levi Ferrua Teitsson í íþróttta- og tómstundanefnd, Lillý Óladóttir og Tómas Helgi Kristjánsson í menningarnefnd, Kristján Hilmir Baldursson og Ísak Arnar Kolbeinsson í skipulags- og mannvirkjanefnd, Katrín Sigríður Þorsteinsdóttir og Benedikt Bjarnason í skólanefnd og Victor Levi Ferrua Teitsson og Geir Zoëga í umhverfisnefnd. Að sögn Ásgerðar er mikil ánægja meðal bæjarstjórnarmanna með setu unga fólksins á Nesinu í nefndunum og afar mikilvægt að sjónarmið þeirra komist milliliðalaust til skila. Það styður einnig við áherslu bæjarins um lýðræðislega þátttöku bæjarbúa

um málefni bæjarins. Á fundunum fá fulltrúar Ungmennaráðsins tækifæri til að ræða og meta stöðu sína í eigin samfélagi og grundvöll til að eiga samtal við aðra nefndarmenn sem starfa í stjórnsýslunni. Ungmennaráð Seltjarnarness er afar öflugur félagsskapur sem leggur áherslu á samveru og fagnaðarfundi með eldri borgurum auk þess að starfa ötullega að jafningjafræðslu. Seltjarnarnesbær er eitt fárra bæjarfélaga á landinu sem hefur stigið þetta skref í því skyni að efla þátttöku og virkni ungmenna bæjarins en ávinningurinn skilar sér í gagnsærri stjórnun þar sem frjóg og opin skoðanaskipti eru ríkjandi.



Geru við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Nesbúinn



Er ekki kominn tími til að breyta Nesstofutúninu í útivistarsvæði?

Bókasafn Seltjarnarness Dagskrá október- desember 2014



Egils saga
15. október – 3. desember
kl. 16:00 – 18:00

Saga Egils Skallagrimssonar er ein af þóðum í fullskrári í bókunum þjóðarinnar. Kristín Jónsdóttir íslenskafræðingur heldur vörðslu um Egils sögu. Samrættarinnar á miðvikudeginum kl. 16-18 hefur miðvikudeginum 3. desember.

Skráning á Bókasafni, á heitangi Kristínheirisdóttur og hún kemur á skrifstofu safns.is síða í sí. 595-8833. Námskeiðið er 10.000 krónur.

Sýning í Eiðisskeri



Flögr

Sigga Rún myndlistarmaður og hönnuður sýnir dýratelkningar og muni úr Náttúrugripasafni Seltjarnarness.

Sýningin stendur til 14. nóvember 2014.

17. október – 16. nóvember Allir lesa – Landsleikur í lestri

Þátttakendur skrá lestur sinn í lestrar dagbók á vefnum allirlesa.is

Vefurinn verður formlega opnaður þann 10. október.



4. nóvember kl. 19:30 – 20:30

Bókmenntafélagið

Rædd verður bókinn Rosie verkefnið eftir Graeme Simsion.



1. nóvember kl. 16:00

Ari Bragi Káason og Eyþór Gunnarsson í Seltjarnarnesarkirkju

Aðgangur ókeypis

2. nóvember kl. 20:00 – 22:00

Djassbandið Amnes í félagsheimili Seltjarnarness ásamt úrvalsbláblásara úr Tónlistarskóla Seltjarnarness. Aðgangseyrir 1000 krónur.



23. október kl. 17:00 Samspil hönnunar og náttúru



Myndlistarmaðurinn og hönnuðurinn Sigga Rún og fuglafræðingurinn Jóhann Óli Hilmarsson fjalla um sýningu Siggv Rúnar í Eiðisskeri.

5. nóvember kl. 17:30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan Flýttu þér Einar Áskell.



6. nóvember kl. 17:30

Tónstarir
Klassískur gítarleikur
Gunnlaugur Björnsson gítar.



20. nóvember Seltirningabók fagnað



Seltirningabók eftir Helmi Þorleifsson hefur verið ófáanleg um nokkurt skeið en hún verður formlega opnuð á heimasíðu Seltjarnarness 20. nóvember þar sem hún verður öllum aðgengileg án kostnaðar.



20. nóvember kl. 17:00 Sýning í Eiðisskeri



Frónari

Sigursveinn H. Jóhannesson sýnir svipmyndir frá Seltjarnarnesi unnar með blandaðri tækni.

Sýningin stendur til 9. janúar 2015.

25. nóvember kl. 20:00 Höfundakynning



Rithöfundarnir

Gerður Kristný, Einar Káason, Guðrún Eva Mínervudóttir og Stefán Máni lesa upp úr bókum sínum. Súsanna Svavarsdóttir bókmenntafræðingur stýrir umræðum.



Aðventustund 2. desember kl. 17:00-20:30



17:00 – 18:30 Jólafundur í tímaritadeild. Ásdís Kalman myndlistarkennari leiðbeinir börnum og fullorðnum í gerð jólakorta í þrívídd.

17:30 – 18:30 Sögustund í Eiðisskeri Jóna Vala og Elsa Nielsen kynna Knúsbókina.

18:00 - 19:00 Jólátónlist
19:30 - 20:30 Bókmenntakvöld í Eiðisskeri. Rithöfundurinn og ævintýrakonan Jóhanna Kristjónsdóttir ræðir við gesti um nýja sjálfsævisögu sína Svarthvítir dagar, sem segir frá fyrstu tuttugu árunum í lífi hennar.



4. desember kl. 17:30 Tónstafir - Jólastrengir



Strengjasamspil undir stjórn Helgu Þórarinsdóttur.

17. desember kl. 17:30

Jólasögustund

Lesin verður Jólaveinasaga eftir Bergljótu Arnalds.



Bókasafn Seltjarnarness
Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959-170
Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



Nánar um dagskrá og viðburði:
www.seltjarnarnes.is/bokasafn



Einn af föstum gestum Sundlaugar Seltjarnarness stillti sér upp fyrir myndatöku í hinum nýja, kalda potti laugarinnar og lét vel af verunni í honum.

Kaldur pottur í sundlauginni

Köldum potti sem inniheldur vatn sem er aðeins 4 til 5 gráður hafur verið komið fyrir í sundlaug Seltjarnarness. Sírennslí er í pottinum sem gerir það að verkum að ekki þarf að setja klór í hann. Frá því potturinn var settur upp um miðjan september hefur hann notið mikilla vinsælda allra aldurshópa en sér í lagi hjá íþróttafólki.

Ástæðan liggur í því að eftir erfiðar æfingar er líkaminn og vöðvarnir miklu fljótari að ná sér ef farið er í kalt vatn eftir erfiðum. Einnig er viðurkennd aðferð við að auka blóðflæðið að fara í heitt og kalt vatn til skiptis, svokölluð skip-

tiböð. Að sögn Hauks Geirmundssonar sviðsstjóra íþrótt- og tómsundasviðs er Sundlaug Seltjarnarness í stöðugri þróun og kaldi potturinn aðeins enn ein viðbótin við frábæra laug og bara spurning um hvað verður næst. Sundlaug Seltjarnarness nýtur ævinlega mikill vinsælda ekki síst fyrir lækningarmátt vatnsins í lauginni, sem er í senn salt og steinefnaríkt og auðveldar sundtökin. Stöðugt er unnið að þróun laugarinnar en ekki er langt síðan hún var endurgerð með nýjum, rúmgóðum pottum, útiklefum og sauna.



Vísbending tilnefnir Seltjarnarnes

Vísbending, tímarit um efnahagsmál, hefur valið Seltjarnarnes „Draumasveitarfélagið“ árið 2013, en í mörg ár hefur tímaritið skoðað fjárhag sveitarfélaga og gefið þeim einkunnir, sem eru fyrst og fremst miðaðar við fjárhagslegan styrk sveitarfélaganna. Útreikningar miðast við rekstartölur úr ársreikningum sveitarfélaga árið 2013.

Seltjarnarnesbær fær einkunnina 9,3 og er eina sveitarfélagið sem fær yfir 9,0 og jafnframt það fyrsta til að kljúfa þann múr eftir því sem næst verður komist. Árið 2012 hafnaði Seltjarnarnesbær í öðru sæti og var þá jafnframt valinn hástökkvari sveitarfélaganna. Árangurinn sýnir aga í fjármálum bæjarins og í bréfi bæjarstjóra, Ásgerðar Halldórsdóttur, þar sem hún þakkar starfsmönnum bæjarins segir hún þessa niðurstöðu styrkja starfsmenn í því starfi sem framundan er auk þess að hvetja þá til dáða.

Fimm forsendur Vísbendingar

Þær forsendur sem tímaritið Vísbending leggur til grundvallar valinu á Draumasveitarfélaginu eru þær að skattheimtan þarf að vera sem lægst, breytingar á fjölda íbúa þurfa að vera hóflegar, afkoma sem hlutfall af tekjum á að vera sem næst 10%, hlutfall nettóskulda af tekjum sé sem næst 1,0 og að veltufjárhluftfall sé nálægt 1,0. Seltjarnarnes er með lægstu útsvarsprösentu á landinu eða 13,66% og frá árinu 2012 til 2013 varð 1,4% fjölgun íbúa. Lengi vel hefur mælikvarðinn skuldir á íbúa verið talinn gefa góða vísbendingu um fjárhagslega stöðu sveitarfélags og er Seltjarnarnes með hlutfallið 28% sem er með því lægsta sem gerist á landinu. Þess má enn fremur geta að ýmis lífsgæði, sem íbúar Seltjarnarness njóta umfram önnur sveitarfélög, svo sem eins og afar lágur hitaveitukostnaður og fasteignaskattur, eru ekki teknar inn í forsendur Vísbendingar.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíli.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Draghals 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Seltjörn með kökusölu

Kvenfélagið Seltjörn verður með kökusölu á Eiðistorgi, laugardaginn 25. október sem er fyrsti vetrardagur og verður salan á milli kl. 11 og 14 en nú er að hefjast fertugasta og sjöunda starfsár Seltjarnar. Félagið heldur fimm félagsfundir yfir veturinn auk léttu þrjónafunda og eru fundir haldnir á neðri hæð Seltjarnarneskirkju. Í kirkjunni hefur kvenfélagið haft aðsetur síðustu tvö árin og líkar mjög vel. Fundir hefjast kl. 20:00 nema annað sé auglýst.

Fyrsti félagsfundurinn var þriðjudaginn 21. október kl. 20:00. Október er mánuður bleiku slaufunnar og munum við fá góða gesti til okkar frá Ljósinu, einnig eru konur hvattar til að klæðast bleiku. Nóvember fundurinn verður þriðjudaginn þann 18. og jólafundurinn þriðjudaginn 9. desember. Aðalfundur verður þriðjudaginn 17. febrúar 2015 og vorfundurinn þriðjudaginn 17. mars 2015. Birna E. Óskarsdóttir ritari Seltjarnar segir að alltaf sé gott að fá góðar konur í hópinn og eru allar konur velkomnar á fundi til félagsins auk þess sem konurnar séu alltaf tilbúnar að taka á móti nýjum konum í félagið. Hafi konur áhuga á að ganga til liðs við kvenfélagið geta þær haft samband við stjórnarkonur.

Hrein lífræn næring

-sem gefur hreysti, orku og einbeitingu



Nýtt frá Lifestream

Meira en 40 næringarík lífræn fæðuefni og jurtir. Valinn bragðbesti græni drykkurinn.

Þekkt vörumerki, margverðlaunuð og viðurkennd

Eingöngu náttúruleg hrein bætiefni. Lífrænar húðvörur. Hjúkrunarvörur og græn sáralækning.



PURELOGICOL

casall
sports products

græn heilsa
heilsuþú

Heilsuráðgjöf og heilsuæingar. Opíð 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1777

Frón

Hafðu það
Kósý
tvær ómótstæðilegar tegundir

Hjúpaðar kókoskökur með súkkulaðibitum
Hjúpaðar piparmintukökur með súkkulaðibitum



Fæst í næstu verslun
Frónkex kemur við sögu á hverjum degi...



www.fronkex.is

Valhúsaskóli 40 ára

Einn skóli- tvær starfsstöðvar

Skólahald hófst í Valhúsaskóla haustið 1974. Fram að því hafði kennsla elstu deilda grunnskólans farið fram í Mýrarhúsaskóla. Allt fram til ársins 2004 voru skólarnir, Valhúsaskóli og Mýrarhúsaskóli, reknir sem tvær aðskildar stofnanir en árið 2004 voru þeir sameinaðir í Grunnskóla Seltjarnarness. Starfsstöðvarnar hafa þrátt fyrir það haldið fyrri nöfnum sínum. Fyrsti skólastjóri Valhúsaskóla var Ólafur H. Óskarsson. Hann vann fyrst sem ráðgjafi skólanefndar Seltjarnarness við hönnun skólans og vann náið með Vilhjálmi Hjálmarssyni arki-

tekt hússins. Árið 1997 lét Ólafur af störfum fyrir aldurs sakir en þá tók Sigfús Grétarsson við stöðunni og stýrði hann skólanum til ársins 2007 er núverandi skólastjóri Guðlaug Sturlaugsdóttir tók við starfinu.

Myndirnar voru teknar á samkomunni.



Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk



Ellefu starfsviðurkenningar veittar

Ellefu starfsmenn Seltjarnarnesbæjar hlutu starfsviðurkenningar bæjarfélagsins á árs hátíð starfsmanna sem haldin var 11. október síðastliðinn. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri veitti þá starfsmönnum viðurkenningar sem starfað hafa hjá bænum í 15 og 25 ár starfsviðurkenningu samkvæmt reglum bæjarins um starfsafmæli og starfslok.

Fyrir 15 ára starf hlutu viðurkenningar: Rakel Óskarsdóttir, Fanney Rúnarsdóttir, Hafsteinn Jónsson, Kristín Lárusdóttir og Ólína Erla

Erlendsdóttir sem öll starfa hjá Grunnskóla Seltjarnarness, Auður Daníelsdóttir sem starfar hjá bæjarskrifstofu, Helga Þórarinsdóttir, Lovísa Fjeldsted sem starfa hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness og Ingólfur Klausen sem starfar hjá sundlaug Seltjarnarness. Fyrir 25 ára starf hlutu viðurkenningar þau Ágúst Ingi Ágústsson sem starfar hjá Íþróttamiðstöð Seltjarnarness og Sonja Jónasdóttir sem starfar hjá Leikskóla Seltjarnarness.

Aldrei hafa eins margir starfsmenn mætt á árs hátíðna en þeir voru tæp fjögurhundrað

með mökum. Árs hátíðin gekk vel fyrir sig, Páll Óskar var með dansatriði og þeytti skífum en veislustjórn var í höndum fyrrum Seltirningsins Atla Þórs Albertssonar. Bæjarlistamaðurinn Ari Bragi Kárasón sá um lifandi tónlistarflutning í upphafi hátíðarinnar. Að þessu sinni leitaði Seltjarnarnesbær eftir samstarfi við Gróttu vegna uppsetningar árs hátíðarinnar og þótti hún heppnast með eindæmum vel.



Á meðfylgjandi mynd, sem tekin er undir bleikju ljósi á árs hátíðarsviðinu, er hluti þeirra starfsmanna sem hlaut starfsviðurkenningu.



Páll Óskar sá um að skemmta gestum á árs hátíðinni.



Systrasamlagið kafar djúpra!



MANDUKA JÓGADÝNUR
– NÝ SENDING

4. tegundir og allskonar fylgihlutir.

Verð á dýnum frá 12.500 kr.



FIOHETTAN SLÆR Í GEGN!

Ómótstæðilega notaleg.

Flotahetta og fótaflot: 17.900 kr



MÁ BJÓÐA ÞÉR BÆNAKLÚT?

Hlýr, notalegur, djúpur, trendí og fallegur!

Verð: 2.900 kr.



Aðeins í Systrasamlaginu:

LÍFRÆNT KAFFI með LÍFRÆNNI BÍÓBÚMJÓLK!

Eða viltu þeyting, croissant, samloku, skot, chiagraut, kökur, kaffi með smjöri?

Bragðgæðin eru okkar megin!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

Viðtal við Þóru Einarsdóttur

Ég er mjög tengd Nesinu

Þóra Einarsdóttir óperusöngkona hlaut tónlistaruppeldi sitt í Skólakór Seltjarnarness og í Kór Langholtskirkju en 16 ára hóf hún söngnám við Söngskólann í Reykjavík. Hún hélt eftir það til London og stundaði framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama hjá Próf. Lauru Sarti. Frá þeim tíma hefur Þóra starfað víða. Hlutverk hennar eru orðin fjölmörg og spanna vítt svið. Þóra hefur einnig lagt rækt við ljóðasöng og hefur margt komið fram á tónleikum á Íslandi og víða um Norðurlönd, einnig í Eistlandi, Þýskalandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss, Englandi, Kanada og Bandaríkjunum. Nú er Þóra að undirbúa flutning á tónverki finnska tónskáldsins Jean Sibeliusar sem er byggt á ljóðabálknum Kalevala auk þess að undirbúa upptökur á óperunni Ragnheiði eftir þá Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson. Tíðindarmaður Nesfréttir settust niður með Þóru á dögnum.

„Ég er fædd og uppalin hér á Seltjarnarnesi. Við fluttum hingað þegar ég var níu ára. Ég byrjaði hins vegar í Mýró þegar ég var sex ára. Mamma kenndi þar og foreldrum mínum fannst henta að ég yrði henni samferða í skólann. Það var heldur ekki langt að fara því við bjuggum í Vesturbænum og tókum oft Strætó saman út á Seltjarnarnes. En svo fór að við fluttum á Nesinu og þá gengum við bara í skólann – ég og mamma.“ sagði Þóra þegar hún hafði komið sér fyrir með tíðindamanni í leshorninu í Bókasafni Seltjarnarness.

Mýró, Való og Tónó

„Mýró og Való var því leiðin mín en ég var líka í tónlistarskólanum á Nesinu þar sem ég byrjaði þegar ég var sjö ára. Ég var í skólakórnum hjá Hlín Torfadóttur sem stjórnandi kórnum og svo tók Margrét Pálmadóttir við kórstjórninni. Hún hafði mikil áhrif á mig enda mögnuð manneskja sem kann að hrífa fólk með sér. Ég var líka mikið í bókasafninu sem þá var í sama húsi og tónlistarskólinn. Ég sat þar og las þegar ég var að bíða eftir að fara í spilátíma.“ Þóra segist hafa fengið ótrúlega gott tónlistaruppeldi á Seltjarnarnesi og Margrét Pálmadóttir eigi sin þátt í því. „Hún fór með okkur til Ítalíu þegar



Þóra Einarsdóttir óperusöngkona.

ég var 14 ára og stelpnakórinn var með tónleika í kirkjum hér og þar. Annars var ég alltaf syngjandi sem krakki. Ég fékk fyrsta hlutverkið mitt í skólakórnum þar sem söng hlutverk Maríu meyjar í helgileik sem settur var upp. Ég var alltaf ófeimin að standa fyrir framan fólk. Mér fannst gaman að standa á sviði og syngja.“

Með míkrofóninn í rútunni

Þarna hófst ævistarfið. „Já – það má segja það. Ég var þó ekki með neina drauma um að gerast atvinnusöngkona á þessum tíma. Mér þótti bara svo gaman að syngja. Standa fyrir framan fólk og láta ljós mitt skína. Pabbi fór stundum með mig í strætó í leikskólann og ég held að ég hafi ekki alltaf vakið lukku hjá syfjuðum morgunfarþegum sem voru á leið í vinnuna þegar ég fór að syngja upp úr þurru. Pabbi starfaði í Reykjavíkुरapóteki á þessum tíma og ég fór stundum með foreldrum mínum í starfsmannaferðir. Oft

var farið í rútum og ég uppgötvaði fljótt að það var míkrofónn frammi sem bílstjórinn notaði til þess að koma skilaboðum til farþeganna eða leiðsögufólki notaði. Ég komst stundum í hann og tók lagið fyrir framan farþegana. Ég gerði mér auðvitað enga grein fyrir að þetta gat verið þreytandi. Alla vega ef ég gerði það of oft.“

Langar að læra á harmonikkunni

Þóra lét sönginn ekki nægja og lærði einnig á píanó. „Ég lærði á píanó í nokkra vetur hjá Halldóri Víkingssyni einkum vegna þess að það er mjög gott fyrir söngvara að hafa einhvern grunn í hljóðfæraleik. Það auðveldar manni að skilja tónlistina. Sumt fólk hefur ágæta rödd en engan tónlistarlegan grunn. Röddin er auðvitað happdrætti en grunnurinn kemur með námi og æfingum. Annars langar mig að læra á harmonikkunni. Mig hefur

alltaf langað til þess en endaði á píanóinu.“ bætir Þóra við. „Ég hef aðeins gripið í hana en vantar hentug hljóðfæri til þess að æfa mig. Harmonikkann er oft misskilíð hljóðfæri hér á landi og mun öflugri en Íslendingar hafa oft gert sér grein fyrir. Hún er vandmeðfarin en hentar mjög vel til þess að leika klassíska tónlist eins og sjá má af langri og ríkir harmonikkuhefð í mörgum löndum og má nefna mörg Evrópulönd sérstaklega í þeim efnunum. Ég hef sungið aríur í Þýskalandi með harmonikkuhljómsveit.“

Eitt leiddi af öðru og ekki varð aftur snúið

En aftur að söngnum og nú óperutónlistinni sem Þóra hefur gert að meginviðfangsefni sínu og ævistarfi. „Segja má að það hafi byrjað þegar ég lauk grunnskólanum og fór í framhaldsskóla. Þá hætti ég í skólakórnum á Nesinu. Fljótlega áttaði ég mig að eitthvað vantaði. Mamma sá auglýsingu frá kór Langholtskirkju og ég sótti um sama haustið og ég byrjaði í framhaldsskólanum. Þá var ekki komið barnastarf í kirkjutónlistinni þar svo ég fór beint í Langholtskórinn hjá Jóni Stefánssyni. Í gegnum kórstarfið komst ég fljótt að því hvernig ég gæti beitt röddinni betur. Ég átti frekar auðvelt með sönginn og eitt leiddi af öðru og ekki varð aftur snúið.“ Þóra lauk söngskóla um leið og framhaldsskóla og hélt þá til Englands til framhaldsnáms. Hún segir að söngnámið og óperustarfið snúist ekki síst um vinnu. „Þetta er gríðarlega mikil vinna. Söngvarinn er ekki aðeins að syngja heldur að fást við texta og sviðsframkomu. Grunnvinna líkist því oft vinnu leikara. Söngarinn þarf að gera sér grein fyrir textanum. Hvaðan hann kemur. Hvað höfundurinn er að fara. Þetta getur snúist um allskyns fræði. Er textahöfundurinn að segja sögu. Er hann að rekja tilfinningar. Hvaða mannlegu þættir búa að baki textanum. Söngvarinn þarf að gera sér grein fyrir þessu og setja sig inn í þær aðstæður – inn í þá frásögn sem höfundurinn hefur skapa.“

Vítt og sterkt listform

Þóra segir að óperan sé mjög vítt listform. „Það nær ekki aðeins yfir sönglistina heldur leiklistina og síðast en ekki sýnst myndlist sem birtist áhorfandanum í sviðsmynd

og búningum sem oft er mikið lagt í. Að öllu jöfnu koma margir hönnuðir að einu óperusviði – einni uppfærslu.“ Þóra bendir á að þótt óperan sér sérstakt og stór listform þá nái sönglistin til fólks með ýmsum öðrum hætti. „Þetta má til dæmis sjá í ljóðasöngnum þar sem söngvarinn sendur einn á sviðinu með píanóleikarann sér við hlið og þarf að útlista heilan heim í litlu ljóði. Í ljóðasöngforminu felst ákveðinn minimalismi. Og svo er kirkjulega tónlistin. Þar verður að setja sig inn í heim trúfræðinnar með sínum margbreytileika. Maður þarf að lesa sér mikið til fyrir hvert verk. Kynna sér úr hvað farvegi verkin eru og hvert er verið að fara með þeim. Hvað höfundarnir ætlast til af manni. Ég bý að því að vera forvitin að eðlisfari. Það hjálpar mér við að fara í gegnum verkin og bakgrunn þeirra. En mér finnst mikilvægt að setja mig sem best inn í hann.“

Að syngja á fornfinnsku með sinfóníunni

En hvað er Þóra að fást við í dag. „Ég er að kenna við Listaháskóla Íslands og svo er ég alltaf að fást við sönginn. Ég er að undirbúa flutning á verkinu Kullervo eftir finnska tónskáldið Jean Sibelius sem er byggt á Kalavela en það eru 19. aldar söguljóð sem finnski málfræðingurinn Elias Lönnrot safnaði saman. Þetta er eitt af þekktustu verkum Sibeliusar og hingað kemur Jorma Hynninen sem er finnskur bassasöngvari einskonar Kristinn Sigmundsson Finna og það leggst vel í mig að vinna þetta með honum undir stjórn Petri Sakari. Þetta verður flutt á finnsku sem er ekki auðveldasta tungumál í heimi fyrir okkur. Finnski framburðurinn er erfiður og ég hef verið í finnskutímum að undanförunu til að vinna í framburðinum og leggja mig eftir merkingu orðanna. Verkið er að einhverju leyti á fornfinnsku sem auðveldar málið ekki. Ætlunin er að flytja þetta með sinfóníunni í Hörpu í lok janúar og þetta leggst bara vel í mig enda tungumálastúdía hluti af óperustarfinu. Það er sungið á svo mörgum málum.“ Þóra segist hafa þurft mesta hjálp við rússneskuna.

Ég varð að læra kyrilliska letrið og einnig að skilja hljómfallið vegna þess að hvert tungumál hefur sitt hljómfall sem hefur áhrif á röddina. Mér finnst franskan yndisleg. Hún hefur svo gott hljómfall svo eru ítalska og þýska líka mikil óperumál. Enskumælandi heimurinn hefur mikla tilhneigingu til að þýða söngtexta yfir á ensku. Enskir söngvarar eru oftast með þjálfara þótt þeir séu að syngja á móðurmálinu því enskan er svo margbreytileg. Við höldum að við kunnum ensku þótt við kunnum það sem þarf í daglegum samskiptum en enskan er með svo marga króka og kima. Hún er óendalegt tungumál.“

Má ekki sérhæfa sig um of

Þóra og eiginmaður hennar Björn Jónsson sem einnig er menntaður söngvari þótt hann starfi aðeins að hluta við fagið sem stendur bjuggu og störfuðu í Malmö í Svíþjóð um tíma þar sem þau voru á fóstum samningi og síðar í Þýskalandi þar sem synir þeirra tveir fæddust. „Við vorum erlendis í 18 ár og alltaf á leiðinni heim og erum nú loksins komin og höfum byggt okkur ból í Norðurmýrinni. Við kunnum vel við okkar þar þótt Seltjarnarnes sé mér alltaf hugfast. Nei – mig langar ekki að flytja út aftur þótt atvinnuspursmál geti alltaf ráðið för. Við erum lítið samfélag og atvinnutækifærin eru færri en úti í heimi. Nú er ég líka komin út í kennslu. Ég tel mig kunna að syngja eftir öll þessi ár og finnst gaman að fara í kennsluna en mér fannst ég þurfa að læra kennslufræði til að geta miðlað öðrum og er að ljúka námi í listkennslufræði. Ég er því bæði kennari og nemandi við Listaháskólann. Það er kostur að geta verið í mörgu. Með því að sérhæfa sig um of er hætta á að maður standi einn daginn í blindgötu og komist ekki áfram.“

Ragnheiður aftur á svið

En að Ragnheiði þeirra Gunnars og Friðriks. Er hún aftur að fara á svið. „Já, Ragnheiður verður sýnd aftur nú um áramótin. Mér fannst mikið ævintýri að taka þátt í þessu. Ég var með í verkinu snemma á

ferlinum á meðan Gunnar og Friðrik voru enn að vinna verkið. Ég fór heim til Gunnars og tók upp lagabúta. Hann var að kanna hvað virkaði og hvernig og ég fylgdist með allri vinnunni við að koma verkinu á svið. Margir höfðu efasemdir um Gunnar við að semja óperu. Hann væri meiri sönglagahöfundur en óperusmiður sem hann auðvitað er líka. En eftir að Ragnheiður var sett upp sem konsert í Skálholtskirkju fékk fólk tækifæri til þess að heyra verkið sem kom mörgum á óvart. Friðrik notar sögulegar staðreyndir í textasmíðinni og byggir verkið á persónulegu plotti eina og liberistar gera. Textinn er eitt listaverk út af fyrir sig sem Gunnar umvefur með tónsmíðum þar sem fram koma ótrúlegir hæfileikar hans til þess að koma tilfinningum á framfæri og

skapa þeim ólíkt tónmál. Þetta var rosaleg vinna og mér finnst ég hafa lært mikið af þeim í þessu ferli. Eftir Skálholtstónleikana var verkið svo sett upp í óperuformi í Hörpunni og þar bættust nýjar víddir við – víddir sem hægt er að skapa með í leikhúsinu.“

Ég er mjög tengd Nesinu

Þóra segir að alltaf sé gott að koma á Seltjarnarnesið. „Mér finnst gott að koma í sundlauginu og slaka á þegar mikið er að gera í vinnunni. Ég fer í leikfimi á Nesinu. Hvort við flytjum. Við erum mjög ánægð þar sem við erum og getum labbað í vinnuna. Ég er auðvitað mjög tengd Seltjarnarnesi svo það er aldrei að vita hvað framtíðin ber með sér.“

Nú færðu
fríar litaprufur
við val á nyrri málningu

LITAKORT
Slippfélagið
Málingarvörur
www.slippfelagid.is

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Stofnað 1952

Slippfélagið
Málingarvörur

Borgartún 22 | Dugguvogur 4
Dalshraun 11 | Furuvellir 7, Akureyri

www.slippfelagid.is



SELTJARNARNESBÆR
Menningarnefnd

BÆJARLISTAMAÐUR SELTJARNARNES 2015

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina *Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015*.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við *reglur um Bæjarlistamann* sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes merkt: „*Bæjarlistamaður 2015*“ eða á netfangið soffia@seltjarnarnes.is fyrir 21. nóvember

**Menningarnefnd
Seltjarnarness**

UMHVERFISHORNID

Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs



GFF hefur notið stuðnings Seltjarnarnesbæjar nánast frá stofnun samtakanna fyrir 17 árum og hefur átt ánægjulegt samstarf við Grunnskóla Seltjarnarness frá árinu 2005. Í gegnum það samstarf hafa nemendur plantað trjám og grætt upp rofabörð og gróðurvana mela á Bolöldu við rætur Vífilfells þar sem er sameiginlegur afréttur Seltjarnarness og Kópavogs. Á þessum slóðum vaxa nú upp birkilundir fyrir tilstilli ungra Seltirninga og GFF.

Samstarfið við Grunnskólann snýst um móttöku og leiðsögn árgangsins í 4. bekk sem kemur á vorin (í lok maí) á Bolöldu til að planta trjám og græða upp land. Nemendurnir mæla tráplönturnar á hæð og breidd við gróðursetningu. Á haustin koma svo nemendur 9. bekkjar og kanna hvernig þeim plöntum vegnar sem þeir sjálfir gróðursettu fyrir rösklega fjórum árum, þá sem nemendur 4. bekkjar. Nemendur 9. bekkjar vinna svo áfram í skólastofunni með afrakstur leiðangrana. Úrvinnslunni er ætlað að gefa nemendum jarðtengingu í náttúrufræði og í stærðfræði,

þegar þeir takast á við að ákvarða vöxt plantanna út frá þeim gögnum, nýjum og eldri, sem þeir hafa undir höndum. Þeir geta m.a. reiknað kolefnisbindingu úr andrúmsloftinu af völdum þeirra plantna sem þau hafa gróðursett á þessu fyrrum hrjóstruga svæði.

Fjóra Höskuldsdóttir, Valgerður Johnsen og Kirsten Vansgaard kenningar við Grunnskóla Seltjarnarness eru þeir starfsmenn skólans sem unnið hafa með nemendum og GFF að þessum verkefni.

Pann 15. september sl. fór hluti umhverfisnefndar og Gísli Hermannsson yfirmaður umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar í vettvangsskóun á Bolöldu ásamt Birni Guðbrandi Jónssyni framkvæmdastjóra GFF og samstarfsmanni hans Kristjáni Hreinssyni og skoðuðum við þetta áhugaverða samstarf, sem umhverfisnefnd styður heilshugar.

Heimildir: Björn Guðbrandur Jónsson.

*F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.*

ora

Ástríða í matargerð

HEIMILISMATUR

PRÓFAÐU NÝJA HEIMILISMATINN FRÁ ORA



PLOKKFISKUR
PLOKKFISKUR M/BERNAISE
KJÖTBOLLUR
HAKKBOLLUR
GRJÓNAGRAUTUR

ÁÐVELT AÐ HITTA
UPP Í OFNI, POTTI
EDA ÖRBYLGJUOFNI



WWW.ORA.IS

KITLAÐU BRAGÐLAUKANA OG FÁÐU ÞÉR LJÚFFENGAN HEIMILISMAT FRÁ ORA Í NÆSTU VERSLUN

Svæðafundur með lögreglunni

Svæðafundur verður haldinn með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og lykilmálum á Seltjarnarnesi miðvikudaginn 19. nóvember nk. Fundurinn hefst kl. 15 verður haldinn á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og tekur um eina klukkustund.

Svæðafundir sem þessi hafa verið haldnir árlega undanfarin ár en á þeim fara fulltrúar lögreglunnar yfir stöðu mála og þróun brota á tilteknum svæðum og svara fyrirspurnum fundarmanna. Þar gefst gott tækifæri til að koma spurningum og ábendingum á framfæri við lögregluna samhliða því að kynna sín sjónarmið. Á fundinn miðvikudaginn 19. nóvember mæta



helstu stjórnendur lögreglunnar á Seltjarnarnesi auk fulltrúa frá yfirstjórn lögreglunnar.

www.borgarblod.is

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi flutt tímabundið á Landakot

Heilsugæslan Seltjarnarnesi hefur aðstöðu á þremur hæðum á Landakoti.

Læknamóttaka er á 2. hæð.

Gengið er inn frá Túngötu og þar eru veittar nánari leiðbeiningar í móttöku í anddyri spítalans.

Bílastæði fyrir skjólstæðinga stöðvarinnar eru á gjaldstæðum við Landakotskirkju.

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi.



Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Samfylking Seltirninga stendur fyrir **ibúþingi** laugardaginn **25. október** klukkan **13:00** í **hátíðarsal Gróttu**. Markmiðið með þinginu er að fá að heyra **hvað brennur á bæjarbúum** í málefnum skóla, tómstunda, fatlaðra, aldraðra og í raun öllu sem tengist **bænum okkar**.

Guðmundur **Ari bæjarfulltrúi** mun halda örstutt erindi um fyrstu upplifun af starfi í bæjarstjórn áður en boltinn verður sendur á **bæjarbúa** sem vinna í hópum að **nýjum hugmyndum**, útfærslum og lausnum fyrir Seltjarnarnes.

XS SELTJARNARNES

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Sett hefur verið upp facebook-síða þar sem hægt er að fylgjast með ýmsu sem er að gerast í félags og tómsundastarfi hjá eldri bæjarbúum á Nesinu, koma inn upplýsingum og skoða myndir. Farið endilega inn á síðuna, gerist vinir, líkið við og deilið. Það er forvitnilegt að sjá hvort þetta er góð leið til að koma dagskránni á framfæri. Aðgangurinn er: eldri borgarar á Seltjarnarnesi.

Starfið hefur farið líflega af stað, góð skráning á öll námskeið og aðrar uppákomur. Fyrsta „óvissuferð“ haustsins var sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar þann 16. september sl. Ferðin var mjög vel heppnuð í alla staði. Ferðaplanið var að fara að Fitjum í Skorradal með viðkomu í Mosfellsbænum í morgunkaffi og að Hjalla/Kaffi kjós í síðdegiskaffi á bakaleiðinni. Vel var tekið á móti hópnunum á öllum viðkomustöðum og veðrið eins og best var á kosið. Fimmtudaginn 25. september var haustfagnaður/grillkvöld í salnum á Skólabrautinni. Kvöldið heppnaðist vel og voru allir kátir þó svo að maturinn hafi komið aðeins of seint í hús, en fólk notaði þá bara tímann til að spjalla saman, dansa og syngja. Dagskrá félags og tómsundastarfsins sem send var í hús til eldri

bæjarbúa í september er í gildi til áramóta. Minnum þó á eftirfarandi dagskrárliði.

Fimmtudaginn 23. október kl. 13.00 er næsta „óvissuferð“. Þá byrjum við á því að aka um ný hverfi í efri byggðum höfuðborgarsvæðisins og heimsækjum síðan Hannesarholt við Grundarstíg. Þar fáum við kaffi og góðgæti ásamt því að fræðast um sögu húsins, íbúa þess og fleira. Síðasti skráningardagur er 21. október.

Þriðjudagur 28. október kl. 14.00 Bingó og ástarpungar í Golfskálanum. „Sætaferðir“ frá Skólabrautinni

Miðvikudagur 29. október kl. 20.00. Gaman saman í Selinu félagsmiðstöð unga fólksins. Allir velkomnir.

Fimmtudagur 30. október kl. 20.00. Nikkukvöld í salnum Skólabraut. Við fáum til okkar harmonikkuleikara, syngjum og dónsum og eigum saman skemmtilega kvöldstund. Boðið verður upp á léttar veitingar. Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 28. október. Fyrirhugað er að fara í kvikmyndahús í byrjun nóvember og sjá Afann og Þjóðleikhúsið eftir miðjan nóvember og sjá Karitas. Allar nánari upplýsingar um dagskrána og skráning er hjá Kristínu í síma 8939800.

Golfvöllur verði útivistarsvæði

Tímabært er að golfvöllurinn á Suðurnesi verði tekinn undir almennt útivistarsvæði. Seltjarnarnesbær vinnur að aðalskipulagi, en það er stefnuýfirlýsing bæjarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar innan bæjarfélagsins.

Samkvæmt formanni Golfklúbbsins Ness á opnum fundi eru líðlega 600 félagsmenn í klúbbum, þar af um helmingur Seltirningar. Klúbburinn er með um 30 hektara útivistarsvæði á Suðurnesi sem eingöngu er fyrir klúbbfélaga.

Þótt golf sé gófug íþrótt þá er það ekki réttlátt að fámennur hópur fólks fái þau forréttindi frá bæjarfélaginu að halda fyrir sig 30 hektara af útivistarlandi til eilífðarnóns.

Á Suðurnesi mætti koma upp sparkvelli, hundagirðingum,

hjólréiða- og göngustígum, skrúðgarði, hreystivelli og mörgu öðrum útivistarmögu-leikum sem myndu þjóna margfalt fleiri einstaklingum en þeim sem stunda golf.

Bæjarfélagið getur ekki starfið í þágu forréttindahóps, jafnvel þótt hann sé hávæx og kröfuharður, heldur verður að líta til almannahagsmuna. Almannahagsmunir eru að Suðurnes verði tekið undir útivistarsvæði fyrir almenning.

Páll Vilhjálmsson
Höfundur er kennari.



Páll Vilhjálmsson.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóvi Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

17 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

BÆJARFULLTRÚAR SELTJARNARNESBÆJAR BJÓÐA ÍBÚUM UPP Á VIÐTALSTÍMA

Bæjarfulltrúar Seltjarnarnesbæjar bjóða íbúum upp á viðtals tíma á effirfarandi tímum í Eiðisskeri, Bókasafni Seltjarnarness frá klukkan 17.00-19.00.

Þriðjudaginn 28. október kl. 17-19

Margrét Lind Ólafsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Þriðjudaginn 18. nóvember kl. 17-19

Guðmundur Magnússon
Árni Einarsson

Fimmtudaginn 4. desember kl. 17-19

Bjarni Torfi Álfþórsson
Guðmundur Ari Sigurjónsson

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarfulltrúi og bæjarstjóri er með viðtals tíma alla daga eftir samkomulagi. Hægt er að bóka tíma með henni hjá Þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959-100.



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

ÞAÐ ER GOTT AÐ VERA
ÚTÁ GRANDA

INN RÖMMUN Í NÆSTA NÁGRENNI

Álrammar | viðarrammar | sérsníðaðir harðviðarrammar

OPIÐ ➡➡ mán-fös 10-17 / lau. 10-12

★ Grandi innrömmun | Fiskislóð 45 | 893 9663

ÁVALLT
NÆG
BÍLASTÆÐI



GRANDI
- innrömmun -





Annar flokkur í B-deild

Eftir margra ára eyðimerkur-göngu í C-deild Íslandsmótsins tryggði 2. flokkur Gróttu sér sæti í B-deild eftir frábært fótboltasumar. Strákarnir sigruðu 10 leiki í C-deildinni, töpuðu þremur og gerðu eitt jafntefli en fyrir næst síðustu umferð var Gróttuliðið í 3. sæti og þurfti sigur gegn ÍR-ingum sem voru sæti ofar.

Segja má með sanni að liðið hafi

toppað á réttum tíma en frábær frammistaða tryggði 3-2 sigur í stórskemmtilegum fótboltaleik. Ekkert mátti þó út af bregða í loka-leiknum við Snæfellsnes en hann vannst 2-1 og mikið fagnað í rútunni á leið heim frá Ólafsvík. Glæsilegu tímabili lokið hjá 2. flokknum en strákarnir urðu einnig Íslandsmeistarar innahúss og sigruðu B-deild Faxaflóamótsins í vor.



Strákarnir í 2. flokki ánægðir eftir að hafa tryggt sér sæti í B-deild.

Magnús Örn nýr yfirþjálfari



Magnús Örn Helgason hefur verið ráðinn yfirþjálfari yngri flokka knattspyrnudeildar Gróttu.

Magnús Örn Helgason hefur verið ráðinn yfirþjálfari yngri flokka knattspyrnudeildar Gróttu en hann tekur við starfinu af Jens Elvari Sævarssyni núverandi þjálfara 2. flokks.

Magnús er fæddur og uppallinn Seltirningur og hefur þjálfað hjá Gróttumaður og hefur þjálfað hjá knattspyrnudeildinni frá árinu 2007

með hléum. Magnús hefur lokið UEFA-B þjálfaraprófi en meðfram störfum sínum hjá Gróttu stundar hann nám í íþróttafraeðum við Háskólann í Reykjavík. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Magnús unnið mikið starf fyrir félagið og verður spennandi að sjá knattspyrnudeildina þróast með hann í brúnni.

Meistaraflokkur upp í 1. deild



Gróttu mun leika í 1. deild árið 2015.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér á dögnum sæti í 1. deild Íslandsmótsins eftir að hafa hafnað í 2. sæti 2. deildar í sumar. Í byrjun ágúst var Gróttu með örugga forystu á liðin í 3. og 4. sæti og fátt virtist geta komið í veg fyrir að markmiði sumarsins yrði náð. Þá fór að síga á ógæfuhliðina, lykilleikmenn dattu út í meiðsli og veikindi og eftir fjögur töp í röð var spennan orðin gífurleg.

Glæsilegur 4-1 sigur á Aftureldingu í næst síðustu umferð tryggði Gróttu 2. sætið eftirsóttá eftir að ljóst var að ÍR hefði mistekist

að sigrá sinn leik. Gróttu er því komin upp í 1. deild í annað skipti í sögunni en liðið lék í 1. deild árin 2010 og 2011. Á lokahófi meistaraflokks var fyrirliðinn Guðmundur Marteinn Hannesson valinn leikmaður ársins, Bjarni Rögnvaldsson var efnilegastur og Viggó Kristjánsson markahæsti leikmaður liðsins. Hann og Guðmundur voru einnig valdir í lið ársins í 2. deildinni. Glæsilegur árangur hjá strákunum og geta Seltirningar nú hlakkað til að mæta á völinn á næsta ári þegar lið á borð við Fram, Þór, KA og Þrótt koma í heimsókn og etja kappi við Gróttumenn.

HEIMASÍÐA GRÓTTU
www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Skemmtilegar myndir af stelpunum í 6. flokki í handbolta sem hafa staðið sig vel í vetur.

Sjötti flokkur til fyrirmyndar

Sjötti flokkur yngri kvenna var Gróttu svo sannarlega til fyrirmyndar á Íslandsmóttinu helgina 10. til 12. október sl. Miklar framfarir hafa orðið hjá stelpunum það sem af er hausti enda eru þær duglegar að æfa og gengið er eftir því.

Gróttu 2 komst taplaust í gegnum mótið með miklum tilþrifum og nokkrum leikjum sem voru númeri

of spennandi en höfðust þó. Gróttu 1 stóð sig mjög vel líka og stelpurnar spiluðu hörku handbolta með bros á vör. Stelpurnar buðu upp á ýmis skemmtileg tilþrif og ljóst er að skemmtilegur og spennandi vetur er framundan. Að lokum viljum við minna á að það eru allir velkomnir að koma og prófa handboltaæfingar.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er María Björk Óskarsdóttir sem hefur aðstoðað 1100 atvinnuleitendur í gegnum Nýttu kraftinn og nýverið haldið velheppnaða stjórnendabjálfun í HR. Hún veitir nú einstaklingsráðgjöf til þeirra sem vilja ná meiri árangri í atvinnuleitinni sem og til þeirra sem vilja styrkja sig í starfi t.d. í stjórnendahlutverkinu.

Fullt nafn? María Björk Óskarsdóttir.

Fæðingard. og ár? 30. Júlí 1967.

Starf? Viðskiptafræðingur og ráðgjafi, framkvæmdastjóri Nýttu kraftinn.

Farartæki? Toyota Previa 7 manna... veitir ekki af fyrir stóra fjölskyldu!

Helstu kostir? Jákvæðni, kraftmikil og drífandi, er hugmyndaþing og lausnarmiðuð með góða samskiptafærni.

Eftirlætis matur? Grilluð nautalund eða kjúklingabringa með rötargrænmeti og góðu salati er æði.

Eftirlætis tónlist? Oftast það nýjasta hverju sinni og diskófjörð en gömlu íslensku perlurnar skapa líka alltaf vellíðan.

Eftirlætis íþróttamaður?

Lani Yamamoto kraftlyftingakona og æfingafélagi er æði.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Spennu- og löfgreipættir og sumir raunveruleikættir.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Nýttu kraftinn bókin, að sjálfsgöðu ;)

Uppáhalds leikari? Anna Björk dóttir mín á oft mjög góða spretti.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Shawshank redemption var mögnuð, annars sá ég Grease a.m.k. 8 sinnum svo það er kannski mælikvarðinn!

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Stunda kraftlyftingar og er með fjölskyldu og vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Ásbyrgi og Rauðisundur eru



með þeim falletustu.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Einlægni, jákvæðni og húmor.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ég er alltaf til í að eiga góða stund með vinkonum mínum hér á Nesinu.

Uppáhalds vefsíða?

Opna mbl.is langoftast.

Hvað vildir þú helst fá í afmælis-

gjöf? Koss á kinnina og kannski knús líka.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Borga bara beint inn á lánin og léttu þannig á heimilisrekstrinum ... en vafalaust brúðla líka eitthvað smá.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Setja puttann á púlsinn; hitta fólk, hrósa fyrir vel unnin störf og athuga hvað helst brennur á hverri starfseiningu þá stundina.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ýmiss markmið í gangi m.a. að prófa Nýttu kraftinn ráðgjöfina lengra, keppa meira í kraftlyftingum og hvetja börnin mín áfram, hjálpa þeim að njóta sín og blómstra í sínu.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ferðaðist með fjölskyldunni um norðurlandið, fórum í Kjósina og dvöldum í 2 vikur Köben og Malmö

Geymið auglýsinguna

Falleg gölf ehf. 1988-1987

Parket

Er þinn parketmaður! APV


Sérgrein mín í 30 ár

Parketlögn - parketslípun og viðgerðir

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Skodum og metum og margt fleira.
Leitið betri tilboða - Vertu í góðum málum

3M ÞEGAR GÆÐIN SKIPTA MÁLI **3M**

Falleg gölf ehf • golfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107



göðgæti frá Jóa Fel

Brauð, kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Fögnum hausti með góðu bakkelsi frá Jóa Fel.

Bakaríið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut